

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 5. september 2024

Mættir á skrifstofu félagsins: Tryggvi Eiríksson, Einar Eiríksson, Árni Sverrisson, Heimir Karlsson og Páll Ægir Pétursson.

Á fjarfundi: Friðrik Höskuldsson og Vignir Traustason.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:35.

Dagskrá.

1. **Yfirferð á helstu atriðum frá fundi formanns ásamt Páli Ægi með systurfélögunum á Norðurlöndunum, skammstafað Nordisk.**

Formaður fór lauslega yfir málið og PÆ sagði frá yfirferð sinni f.h. FS á fundinum sem haldinn var í Grímsborgum að þessu sinni dagana 26 – 27 ágúst sl. Til stendur að halda næsta fund í Noregi í janúar nk. og í Færeyjum að ári.

2. **Dagskrá og fyrirkomulag haustfundar FS með Verðandi í Vestmannaeyjum og Vísi á Suðurnesjum.**

Fundurinn verður haldinn laugardaginn 21. september nk. á Grand hótél Reykjavík, en auk stjórnar er varastjórn félagsins boðuð á fundinn. Þessir árlegu fundir hafa reynst félögunum gagnlegir þar sem helstu mál í sjávarútvegi ber á góma en að þessu sinni stendur til að ræða m.a. menntamál sjómanna og fá tvo nemendur í pontu sem segja frá reynslu sinni af náminu í Tækniskólanum.

Athygli er vakin á því að dagana á undan 18, 19 og 20 september er sjávarútvegssýningin í Kópavogi.

3. **Styrkbeiðni vegna málareksturs.** Nokkur umræða varð um málið en fram kom í máli formanns að félagið hefur ekki veitt félagsmönnum fjárhagslegan stuðning við rekstur dómsmála (einkamála). Fundurinn samþykktri að félagið styrki ekki málarekstur félagsmanna.

4. **Önnur mál**

Dómkvaddir matsmenn. Námskeið fyrir matsmenn fer fram 1. og 2. október nk. en Lögmannafélag Íslands og dómstólasýslan standa fyrir námskeiði þessu fyrir dómkvadda matsmenn. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa verið matsmenn eða vilja gefa kost á sér sem matsmenn fyrir dómi á sínu sérsviði. Námskeið þetta hefur verið auglýst á heimasíðu félagsins. Það hefur verið vöntun á menntuðum skipstjórnamönnum með reynslu sem eru tilbúnir að taka slíkt ábyrgðastarf að sér en vonandi vekur auglýsingin áhuga einhverra.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:45



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundarritari